

## Fundargerð 264. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Fundarsalur Þingborg  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 21. júní 2022  
**Fundartími:** 9:00 – 10:00  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson  
Hulda Kristjánsdóttir  
Walter Fannar Kristjánsson  
Sigurjón Andrésson  
Harpa Magnúsdóttir  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Við dagskrá fundarins bætast erindi frá Ingunni Jónsdóttur og Sigurjóni Andréssyni, beiðnir um lausn frá sveitarstjórnarstörfum. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 241, dags. 08.06.2022**

##### **a) Hraungerði L166237; Stækkun lóðar; Deiliskipulagsbreyting**

Lögð er fram tillaga er varðar breytingu á deiliskipulagi að Hraungerði L166237 eftir kynningu. Í breytingunni felst að lóð umhverfis íbúðarhús stækkar úr 2.509 fm í 8.202 fm. Skipulagsskilmálar eru óbreyttir að öðru leyti. Athugasemd barst við kynningu málsins og er hún lögð fram við afgreiðslu þess ásamt uppfærðum gögnum.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða deiliskipulagsbreytingu eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við athugasemd sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Niðurstaða málsins verði sérstaklega kynnt þeim sem athugasemir gerðu við tillöguna á auglýsingatíma hennar. Walter vék af fundi við afgreiðslu málsins.*

Lögð er fram tillaga er varðar breytingu á deiliskipulagi að Hraungerði L166237 eftir kynningu. Í breytingunni felst að lóð umhverfis íbúðarhús stækkar úr 2.509 fm í 8.202 fm. Skipulagsskilmálar eru óbreyttir að öðru leyti. Athugasemd barst við kynningu málsins og er hún lögð fram við afgreiðslu þess ásamt uppfærðum gögnum  
Walter vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða deiliskipulagsbreytingu eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við athugasemd sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Niðurstaða málsins verði sérstaklega kynnt þeim sem athugasemir gerðu við tillöguna á auglýsingatíma hennar.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

##### **b) Þingdalur land (L203005); umsókn um byggingarheimild; aðstöðuhús**

Fyrir liggur umsókn Guðmundar Hjaltasonar fyrir hönd Sveins Sigurmundssonar, móttokin 23.05.2022, um byggingarheimild fyrir tveim aðstöðuhúsum 15,8 m<sup>2</sup> og 13 m<sup>2</sup> á landinu, Þingdalur land L203005 í Flóahreppi.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.*

Fyrir liggur umsókn Guðmundar Hjaltasonar fyrir hönd Sveins Sigurmundssonar, móttækin 23.05.2022, um byggingarheimild fyrir tveim aðstöðuhúsum 15,8 m<sup>2</sup> og 13 m<sup>2</sup> á landinu, Þingdalur land L203005 í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**c) Þingdalur land (L166405); umsókn um byggingarleyfi og niðurrif; íbúðarhús og niðurrif á eldra íbúðarhúsi**

Fyrir liggur umsókn Sigríðar Maack fyrir hönd Árna G. N. Eyþórssonar og Erlu Guðmundsdóttur, móttækin 27.05.2022, um byggingarheimild fyrir íbúðarhúsi 211,1 m<sup>2</sup> og niðurrif á eldra íbúðarhúsi mhl 02 á jörðinni Þingdalur L166405 í Flóahreppi.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Leitað verði umsagnar Minjastofnunar vegna málsins. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.*

Fyrir liggur umsókn Sigríðar Maack fyrir hönd Árna G. N. Eyþórssonar og Erlu Guðmundsdóttur, móttækin 27.05.2022, um byggingarheimild fyrir íbúðarhúsi 211,1 m<sup>2</sup> og niðurrif á eldra íbúðarhúsi mhl 02 á jörðinni Þingdalur L166405 í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Leitað verði umsagnar Minjastofnunar vegna málsins. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**d) Aðalskipulag Flóahrepps 2017 – 2029; Íbúðasvæði; Arnarstaðakot-Skálmholt; Skilmálabreyting; Aðalskipulagsbreyting**

Lögð er fram tillaga að aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir kynningu. Breytingin snýr að skilmálum aðalskipulagsins er varðar íbúðarsvæði í sveitarfélaginu. Fyrirhugað er að breyta skilmálum á þann hátt að heimila ný íbúðarsvæði í dreifbýli vegna sýnds áhuga landeigenda og eftirspurnar eftir slíkum lóðum. Breytingin nær til þriggja nýrra íbúðarsvæða, Arnarstaðakots L166219 þar sem fyrirhugað er uppbygging búgarðabyggðar, í landi Skálmhólts land L186111 þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreint sem íbúðarsvæði og innan jarðarinnar Glóru á um 30 ha svæði. Umsagnir og athugasemdir bærust á kynningartíma skipulagsbreytinganna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

*Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna nýrra íbúðarsvæða verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum innan tillögunnar með fullnægjandi hætti. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.*

Lögð er fram tillaga að aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir kynningu. Breytingin snýr að skilmálum aðalskipulagsins er varðar íbúðarsvæði í sveitarfélaginu. Fyrirhugað er að breyta skilmálum á þann hátt að heimila ný íbúðarsvæði í dreifbýli vegna sýnds áhuga landeigenda og eftirspurnar eftir slíkum lóðum. Breytingin nær til þriggja nýrra íbúðarsvæða, Arnarstaðakots L166219 þar sem fyrirhugað er uppbygging búgarðabyggðar, í landi Skálmhólts land L186111 þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreint sem íbúðarsvæði og innan jarðarinnar Glóru á um 30 ha svæði. Umsagnir og athugasemdir bærust á kynningartíma skipulagsbreytinganna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna nýrra íbúðarsvæða í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum innan tillögunnar með fullnægjandi hætti. Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

**e) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 22 – 165**

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. júní 2022 lagðar fram til kynningar.

**2. Tilnefningar í nefndir Flóahrepps frestað á 263. fundi dags. 31.05.2022**

**a) Nefnd um svæðisskipulag Suðurlands**

Aðalmenn:

Árni Eiríksson

Harpa Magnúsdóttir

Varamenn:

Walter Fannar Kristjánsson

Hjalti Guðmundsson

Samþykkt með 5 atkvæðum

**b) Kjörstjórn Flóahrepps:**

Aðalmenn:

Ólafur Þórarinsson, formaður

Rannveig Árnadóttir

Dagbjartur Ketilsson

Varamenn:

Baldur Sveinsson

Hafsteina Sigurbjörnsdóttir

Svanhvít Hermannsdóttir

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**c) Ungmennaráð Flóahrepps:**

Afgreiðslu frestað til september fundar.

**d) Öldungaráð Uppsveita og Flóa:**

Afgreiðslu frestað til september fundar.

**3. Breytingar á nefndarskipan frá 263. fundi sveitarstjórnar:**

**a) Lausn frá störfum í umhverfis- og samgöngunefnd:**

Erindi hefur borist frá skipuðum formanni Ingunni Jónsdóttur þar sem hún biðst lausnar frá nefndarstörfum fyrir Flóahrepp af persónulegum ástæðum.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

I listi tilnefnir Jakob Nielsen Kristjánsson í stað Ingunnar Jónsdóttur til formennsku í umhverfis og samgöngunefnd Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**b) Lausn frá störfum í sveitarstjórn:**

Erindi hefur borist frá Sigurjóni Andræssyni þar sem hann biðst lausnar frá störfum fyrir Flóahrepp út kjörtímabilið af persónulegum ástæðum. Sigurjón Andræsson víkur af fundi við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með 4 atkvæðum.

Endurskipun í nefndir í stað Sigurjóns Andræssonar:

**Landbúnaðar- og atvinnunefnd:**

Aðalmaður af T lista verður Björk Guðbjörnsdóttir.

**Fulltrúi á aðalfund afréttarmálafélags Flóa- og Skeiða:**

Varamaður af T lista verður Svanhvít Hermannsdóttir.

**Áheyrnarfulltrúi T lista í Héraðsnefnd:**

Elín Höskuldsdóttir.

**Fulltrúi T lista á aðalfund SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands:**

Aðalmaður:

Elín Höskuldsdóttir

**Varamaður af T lista á aðalfund Bergrisa:**

Elín Höskuldsdóttir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**4. Tilboð í tölvur fyrir sveitarstjórn**

Borist hafa tilboð frá 3 aðilum

Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við lægstbjóðanda, Elko um 5 stk Lenovo IdeaPad Flex 5 14ALC05 14" fartölvur. Óskað er eftir því að TRS setji tölvurnar upp.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**5. Ákvörðun um laun í vinnuskóla Flóahrepps**

Tillaga um að laun í vinnuskóla Flóahrepps taki breytingum frá fyrra ári skv. launavísitölu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**6. Erindi frá Félagi atvinnurekenda – áskorun til sveitarstjórna vegna fasteignaskatta**

Lagt fram erindi frá Félagi atvinnurekenda þar sem skorað er á sveitarstjórnir að lækka álagningarhlutfall fasteignaskatts af atvinnuhúsnæði vegna þeirra hækkana sem orðið hafa á fasteignamati.

Erindinu vísað til vinnu við fjárhagsáætlanagerð þar sem málið verður skoðað sérstaklega.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Leiðbeiningar til sveitarstjórna um skipan barnaverndarnefnda**

Lagðar fram til kynningar leiðbeiningar til sveitarstjórna um skipun í barnaverndarnefndir eftir sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022. Í leiðbeiningunum er gerð tillaga um að sömu aðilar sinni verkefni barnaverndarnefnda til áramóta 2022 – 2023.

Lagt fram til kynningar. Engar athugasemdir gerðar.

**8. Frá Dómsmálaráðuneyti til umsagnar:**

Áform um breytingu á kosningalögum

Lagt fram til kynningar.

**9. Erindi frá Bláskógabyggð – vegna dagdvalarþjónustu**

Lagt fram erindi frá Bláskógabyggð til sveitarfélaga sem eru aðilar að félagsþjónustu í Laugarási þar sem gerð er tillaga um að unnin verði greining á þörf fyrir dagdvalarþjónustu fyrir eldri borgara. Íbúar í Flóahreppi hafa í dag aðgang að dagvist í gegnum samning við sveitarfélagið Árborg.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að taka þátt í greiningarvinnunni.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**10. Fundargerðir:**

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 263, dags. 31.05.2022  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Stjórnar UTU dags. 8. júní 2022  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) Héraðsnefndar Árnesinga nr. 25, dags. 09.05.2022  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) Stjórn Bergrisa nr. 40, dags. 10.05.2022  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) Stjórnar Bergrisa nr. 41, dags. 23.05.2022  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) Bergrisi – matnefnd um nýjan íbúðakjarna dags. 11.05.2022  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) Þjónusturáðs Bergrisa nr. 153, dags. 20.04.2022  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) Þjónusturáðs Bergrisa nr. 154, dags. 02.05.2022  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**11. Efni til kynningar**

Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn í Þingborg þriðjudaginn 5. júlí klukkan 9:00

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Sigurjón Andrésson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Eydis P. Indriðadóttir (sign)